Kjarvalsstaðir

Öndunarpunktar hylja fleygboga

RÁÐHILDUR Ingadóttir lýkur verki sínu í miðrými Kjarvalsstaða í dag, fimmtudag, kl. 18 og við veggnum tekur Gunnar Örn.

Ráðhildur hefur unnið að verki sínu sl. þrjár vikur en hún er fjórða í röð sex listamanna sem taka þátt í sýningarverkefninu Veg(g)ir.

Framkvæmd verkefnisins byggist á tveimur meginþáttum; annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum á eða út frá stórum fleti, og hins vegar að leyfa gestum safnsins að fylgjast með þróun hvers listaverks frá upphafi til enda. Framkvæmdin vísar með sterkum hætti til hverfulleika lífs og listar. Að loknu sérhverju sýningartímabili verður framlag hvers listamanns fjarlægt eða hulið bak við nýtt lag af málningu sem um leið verður undirlag þess sem næst kemur á vegginn.

Ráðhildur skipti veggnum í tvennt með fleygboga, fleygboga flöturinn er blár en hinn hlutinn grænbrúnn.

Á bláa flötinn skráði Ráðhildur dagdrauma í formi teikninga, grænbrúni flöturinn var notaður fyrir hugmyndir sem komu upp á tímabilinu.

Ráðhildur fékk til liðs við sig tónlistarmannin Biogen. Hann samdi tónlist á tölvuna meðan hún vann og saman sköpuðu þau óendanlegt rými.

Á „lokuninni" mun Ráðhildur Ingadóttir kynna verk sitt og hugleiðingar um það. Við sama tækifæri mun Gunnar Örn kynna hugmyndir sínar og áætlanir.


Í yfirlýsingu listamannsins segir: „Ég hef þá trú að það sem skiptir okkur mannfólkið hvað mestu máli kosti ekki peninga. Og hvað eignast maður í raun og veru í þessu lífi annað en ef vera kynni andlegan þroska, ef maður er heppinn.

Fyrir rúmum fjórum árum fór ég að iðka jóga og þá opnaðist mér nýr og áður óþekktur heimur – heimur án nokkurra takmarkana. Í jógafræðunum er m.a. notuð einbeitingaræfing, sem byggist á öndunarpunkti, sem er nærri 1 cm í ummál. Þessi litli punktur er lymskulega lítill miðað við þau afgerandi áhrif sem hann getur haft á líf þess sem kýs að nota hann. Með því að stunda að horfa daglega á þennan litla punkt – í um 4 mínútur – getur maður aukið einbeitingu sína, róað hugann og skynjað nærveru annarra vídda. Kostar jú ekki nema smá fyrirhöfn.

Ástæða þess að ég tíunda þetta hér er að þegar mér bauðst að taka þátt í verkefninu Veg(g)ir kom ekkert annað upp í hugann en að útfæra hugmynd sem væri tengd þessum undrapunkti.

Hugmyndin er að raða litaflötum þvert á vegginn, með einn öndunarpunkt í hverjum fleti. Síðan fæ ég til liðs við mig hóp nemenda úr nálægum skóla, um tuttugu talsins, mæli hæð hvers nemanda fyrir sig, og bý til öndunarpunkta miðað við hvern og einn (en punkturinn stillist í augnhæð miðað við hvern einstakling). Síðan er ætlunin að fá þau til að stilla sér upp við vegginn og taka öndunaræfingu í hinni formlegu „lokun" verksins.

Ég neita því ekki að undir niðri óska ég þess að einhver af þessu unga fólki fái, nú eða síðar á ævinni, löngun til að skyggnast inn í innri heima þar sem ríkir kyrrð og samhljómur."



Morgunblaðið/Sig Sigmunds

Karlakór Hreppamanna ásamt stjórnandanum Edit Molnár.

Afmælistónleikar Karlakórs Hreppamanna

Hrunamannahreppur. Morgunblaðið.

TROÐFULLT hús áheyrenda var í Félagsheimili Hrunamanna þegar Karlakór Hreppamanna hélt sína afmælistónleika 1. apríl, en þann dag voru liðin þrjú ár frá stofnun kórsins. Á fjölbreyttri söngskrá voru m.a. íslensk ættjarðarlög og amerísk lagasyrpa sem einn kórfélaga, Hreinn Þorkelsson, hefur gert texta við. Barítonsöngvarinn Loftur Erlingsson frá Sandlæk og kona hans Helga Kolbeinsdóttir sópransöngkona sungu einsöng og tvísöng með kórnum. Auk þess fluttu þau sína eigin dagskrá sem á voru íslensk og norræn lög og lög úr söngleikjum. Stjórnandi kórsins er Edit Molnár, undirleikari er eiginmaður hennar, Miklós Dalmay. Kynnar kórsins, þeir Hreinn Þorkelsson og Sigmundur Jóhannesson, fóru með vísur um og eftir Húnvetninga á milli þess sem kynnt voru lögin. Þess má geta að báðir eru ættaðir úr Húnaþingi. Tilefnið er að karlakórinn fer í söngferðalag til Blönduóss 15. apríl. Þar mun kórinn syngja á sönghátíð ásamt Karlakór Bólstaðahlíðarhrepps, samkórnum Björk og Karlakór Dalvíkur.

Formaður Karlakórs Hreppamanna er Gunnlaugur Magnússon Miðfelli. Kórfélagar eru 38-40.

Leitum að ungri stúlku á fjalirnar á ný

SÝNINGAR hefjast á ný á leikritinu Leitum að ungri stúlku í Hádegisleikhúsi Iðnó en leikritið var frumsýnt fyrir rúmu ári. Fyrsta sýningin verður sunnudaginn 8. apríl og hefst kl. 12 eins og allar sýningar í Hádegisleikhúsinu.

Leitum að ungri stúlku er eftir Kristján Þórð Hrafnsson og hlaut fyrstu verðlaun í leikritasamkeppni sem efnt var til þegar Iðnó var opnað á ný árið 1988.

Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson, en leikarar eru Linda Ásgeirsdóttir og Gunnar Hansson.

Nýjar bækur



Þorsteinn Gylfason

● *SÖNGFUGL að sunnan,* eru ljóðaþýðingar eftir **Þorstein Gylfason**, heimspekiprófessor og þýðanda.

Í þeim er að finna margar ljóðaperlur eftir höfuðskáld eins og Shakespeare, Goethe og Púshkín, en einnig eftir minna þekkt góðskáld eins og Piet Hein og Tove Ditlevsen. Þá eru í bókinni þýddar allmargar spænskar þjóðvísur. Allur síðari hluti bókarinnar er helgaður þýska skáldinu Bertholt Brecht.

Í öllum tilvikum eru ljóðin birt á frummálinu við hlið þýðinganna. Í bókarlok gerir Þorsteinn grein fyrir skáldunum, tildrögum hvers ljóðs og þýðinganna.

Útgefandi er Mál og menning. Söngfugl að sunnan er 319 bls., prentuð í Svíþjóð. Kápuna gerði Jón Reykdal. Verð: 3.280 kr.



Morgunblaðið/Sigurgeir

Frá Degi tónlistarfólks í Vestmannaeyjum.

21 verk á Degi tónlistarfólks

Vestmannaeyjar. Morgunblaðið.

DAGUR tónlistarfólks var haldinn hátíðlegur í Vestmannaeyjum sl. laugardag í Safnaðarheimili Landakirkju. Fjölmargir heimamenn létu þessa tónlistarveislu ekki fram hjá sér fara. Þeir sem fram komu voru Brass Quintet Vestmannaeyja, Samkór Vestmannaeyja undir stjórn Báru Grímsdóttur, Tónsmíðafélag Vestmannaeyja, sem skipað er ellefu flytjendum, Harmonikkufélag Vestmannaeyja, sem í eru átta félagar, Kór Landakirkju, undir stjórn Guðmundar H. Guðjónssonar. Með kórnum söng einsöng Halla Dröfn Jónsdóttir Þorsteinssonar. Lúðrasveit Vestmannaeyja, undir stjórn Stefáns Sigurjónssonar.

Alls var 21 verk flutt á tónleikunum. Kynnir á tónleikunum var Ólafur H. Sigurjónsson.

Listir norðanfólksins

MYNDLIST

Mokka

LÁRUS LIST MÁLVERK

Sýningunni lýkur 8. apríl.

LÁRUS List hefur haldið nokkrar myndlistarsýningar undanfarin ár, bæði á Akureyri og í Reykjavík, og hafa málverk hans stundum vakið nokkra athygli, ekki síst fyrir það að hann hefur notað í þau blóð sem hann hefur dregið úr sjálfum sér. Á sýningunni á Mokka fer þó minna fyrir slíku heldur hefur Lárus hér búið sér til þema sem hann vinnur eftir einfaldar og draumkenndar myndir. Hann beitir hvítum lit á ógrunnaðan striga og þemað er tilvísun í líf og hefðir Inúíta, en Lárus segist vera að kanna með þessum myndum tengsl okkar við þessa nágrannaþjóð hér nyrst í hinum byggilega heimi. Verkin eru fyrst og fremst byggð á afstrakt formum en í þeim má þó greina svipi og sýnir sem hafa greinilega tilvísun í heim Inúítanna. Á bak við hvítan litinn má greina brúnan strigann, einkum í köntum myndanna, en það gerir myndirnar grófari og óheflaðari en ella.

Úrvinnsla þessara mynda er ekki eins góð og hún þyrfti að vera til að þær gangi fyllilega upp, einkum hvað varðar byggingu og tengingu við þemað sem þó er greinilega fyrst og fremst unnin eftir tilfinningu eins og í fyrri verkum Lárusar. Það er því líkast sem meiri yfirlegu hefði þurft við gerð myndanna og lengri aðdraganda til að vinna úr hugmyndunum.

En líkt og áður hafa þessar nýju myndir Lárusar nokkuð aðdráttarafl fyrir þá óheftu sköpunarþörf sem þau vitna um. Hér er á ferðinni málari sem málar ekki af því honum hafi verið kennt það eða hann hafi kosið sér málaralistina úr mörgum mögulegum kostum; Lárus virðist fremur mála af því hann getur ekki annað, af einhverri ómótstæðilegri þörf. Það að finna þessa þörf er auðvitað fyrsta forsenda listarinnar og fyrir henni má ávallt finna í myndum Lárusar.

Jón Proppé

Macchado og Browne hljóta IBBY-verðlaunin

H.C. ANDERSEN-verðlaun IBBY samtakanna féllu að þessu sinni í skaut rithöfundarins Ana Maria Machado frá Brasilíu og enska myndlistarmannsins Anthony Brown, og var það tilkynnt á nýafstaðinni barnabókamessu í Bologna á Ítalíu. Verðlaunin verða afhent við athöfn á alþjóðaþingi IBBY-samtakanna í Cartagena de Indias í Kólumbíu 21. september næstkomandi.

Ana Maria Machado hefur skrifað 105 bækur fyrir börn og fullorðna. Með bókum sínum, fyrirlestrum og margvíslegu starfi í þágu bókmennta hefur hún átt ríkan þátt í að byggja upp vitund um mikilvægi barnabókmennta í Brasilíu, segir í fréttatilkynningu.

Anthony Browne þykir óvenjulega hæfileikaríkur listamaður, tækni hans er sérstök og ímyndunaraflið einstætt. Árið 1994 kom út hjá forlaginu Himbrima bók hans Górillan í íslenskri þýðingu Dóru Hvanndal. Einnig myndskreytti hann Ævintýri Lísu í Undralandi sem Mál og menning gaf út í þýðingu Þórarins Eldjárns árið 1996.

Alls voru 27 listamenn úr hvorum flokki tilnefndir frá ýmsum löndum. Börn og bækur - Íslandsdeild IBBY tilnefndi rithöfundinn Magneu frá Kleifum og Áslaugu Jónsdóttur myndlistarmann.